

Nd.

614. Frumvarp til laga

[225. mál]

um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 7. mál.)

Samhljóða þskj. 419 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennaradeild og matráðsmannadeild.

Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í hússtjórn, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

Matráðsmannadeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana.

5. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru:

Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

Nemandi skal sýna læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

14. gr. hljóðar svo:

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í hússtjórnarfræðum, uppeldisfræðum eða „dætt“-fræðum.

Þeir kennarar, er lokið hafa kandidatsprófi frá Norræna búsysluskólanum eða kandidatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.